

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við þágildandi skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskóga-
byggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag fyrir fjarskiptahús og mastur í landi Úteyjar II.*
Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir um 15 m² lóð fyrir fjarskiptamannvirki í landi Úteyjar II. Á lóðinni má reisa fjarskiptahús allt að 2,5x3 m að grunnfleti með 2,4 m hámarkshæð ásamt allt að 18 m háu mastri með 1,5 m háu loftneti að auki.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. janúar 2011.
2. *Deiliskipulag frístundabyggðar við Holtsgötu í landi Reykjavalla.*
Í deiliskipulaginu felst að markaðar eru sex lóðir fyrir frístundahús þar sem heimilt er að reisa allt að 150 m² frístundahús og allt að 30 m² aukahús. Hámarkshæð frístundahúsa er 6 m og þakhalli skal vera á bilinu 15-45 gráður.
Samþykkt í sveitarstjórn 11. nóvember 2008.
3. *Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Syðri-Reykja.*
Í deiliskipulaginu felst að markaðar eru þrjár frístundalóðir þar sem heimilt er að reisa allt að 300 m² frístundahús auk allt að 30 m² geymslu, svefn- eða gróðurhúss. Hámarksnýtingarhlutfall er 0,03. Þakhalli má vera á bilinu 14-45 gráður. Hámarks mænishæð er 8 m og mesta hæð útveggja er 4 m.
Samþykkt í sveitarstjórn 1. september 2011.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem þágildandi skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 13. október 2011.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.